

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

FARTÖLVU- HASAR

HP HEWLETT PACKARD HPG61104EO

Örgjörvi	Intel Dual Core i3 370M 2,4GHz
Vinnsluminni	4096 DDR2 1066MHz
Harður diskur	500GB 5400SN SATA
Skjákort	Intel HD 1699MB (deilt)
Skjár	15,6" (1366x768) LED bakiýstur skjár
Tengi	3 USB tengi, þráðlaust netkort b/g/n, 10/100 netkort, innbyggð vefmyndavél, HDMI, VGA, minniskortalesari, CD og DVD skrifari
Drif	Li-Ion 6 sellu
Rafhlaða	Windows 7 Home Premium
Stýrikerfi	2,55 kg
Þyngd	2 ára neytendaábyrgð

Intel i3 örgjörvi
500GB HD
4GB vinnsluminni

15,6"

99.995

eða 8.878 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 106.536 kr.

TOSHIBA SATR63013T

Örgjörvi	Intel Dual Core i3 370M 2,4GHz
Vinnsluminni	4096 DDR2 1066MHz
Harður diskur	320GB 5400SN SATA
Skjákort	Intel GMA 4500MHD 1695MB (deilt)
Skjár	13,3" (1366x768)
Tengi	2 USB tengi, þráðlaust netkort b/g/n, 10/100 netkort, innbyggð vefmyndavél 1,3mpix, HDMI, VGA, minniskortalesari, CD og DVD skrifari
Drif	Li-Ion 6 sellu dugar í allt að 8,5 klst.
Rafhlaða	Windows 7 Home Premium
Stýrikerfi	1,43 kg
Þyngd	2 ára neytendaábyrgð

1,4kg
DVD/CD skrifari
Intel i3 örgjörvi
Allt að 8,5 klst rahllöðuending

13,3"

129.995

eða 11.453 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 137.436 kr.

13,3"

187.995

eða 16.431 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 197.172 kr.

MacBook Pro (Z0LY)

Örgjörvi	Intel Core 2 Duo i5 2,3GHz
Vinnsluminni	4096 DDR3 1333MHz
Harður diskur	320GB 5400SN SATA
Skjákort	Intel HD graphics 3000 með 384MB af DDR3 (deilt)
Skjár	13,3" (1280x800)(2560x1600 í aukaskjá)
Tengi	2 USB tengi, þráðlaust netkort Airport Extreme 802.11n, 10/100/1000 netkort, Bluetooth, vefmyndavél 1,3mpix. Sameinað hlíðrænt og stafrænt hljóðtengi, Mini-DVI skjátengi, Fire wire tengi, SD kortarauf, Thunderbolt tengi (10Gbps)
Drif	CD og DVD skrifarar
Rafhlaða	Allt að 7 klst. ending (fer eftir notkun)
Stýrikerfi	Mac OS X Lion

**0 KR.
ÚT Á LAND**

Frír sendingarkostnaður á fartölvum út á land í vefverslun og símsölu

**TVEIR HEPPNIR
FÁ FARTÖLVUNA
ENDURGREIDDA!
DREGIÐ 3. OKTÓBER**

HELKO

EINFALDEGA LÆGRA VERÐ
LINDIR-SKEIFAN-GRANDI-VEFVERSLUN

Hér að neðan máttar Björn Bragi settið í fyrsta sinn. Sveppi og Ragnhildur Steinunn verða fyrstu gestir Björns í Týndu kynslóðarinni.



BJÖRN Á 40 SEKÚNDUM

Fyrirmynd þín sem þáttastjórnandi?
Jimmy Kimmel og Jon Stewart eru í miklu uppáhaldi en það er ekki þar með sagt að ég ætli að apa eftir þeim.

Uppáhaldshlaupaleið? Elliðaárdalurinn. Frá Fylkisvelli og niður á Sprengisand og til baka.

Uppáhaldsstaður í heiminum? Árbærinn og þá sérstaklega heimili foreldra minna.

Fylkir eða Tottenham? Tottenham ef þeir kaupa Alla Inga og Krissa Vald.

Björn Blöndal eða Björn Bjarnason? Björn Dæhlie, skíðagöngumaður.

Drep í tá eða varta á mjöðm? Varta á mjöðm af því ég gæti falið hana betur.

SVÍN VIRKAR
Á SKJÁNUM

Forseti Týndu kynslóðarinnar

Björn Bragi Arnarsson yfirgaf **Monitor-skútuna** í sumar til þess að takast á við nýja áskorun. Eftir að hafa undirbúið sig vel er stóra stundin nú runnin upp því fyrsti þáttur Týndu kynslóðarinnar fer í loftið annað kvöld.

„Þetta er spjallþáttur þar sem við fáum til okkar þekktu og skemmtilega einstaklinga og fáum þá til að taka líka virkan þátt í dagskrárgerðinni í bland við innslög af ýmsu tagi. Fyrst og fremst er þetta bara skemmtun. Stefnan er að fá alla flóruna af gestum; aðalatriðið er að viðmælendur séu skemmtilegir og skemmtilegt fólk er jú að finna víða hér á landi,“ segir Björn Bragi inntur eftir efnistöðum þáttarinnar.

„Undirbúningurinn hefur gengið vel sem er helst því að þakka hvað við náum öll vel saman en við vorum líka ráðin í þetta verkefni í maí þannig að við höfum haft finan tíma til að undirbúa okkur. Þátturinn verður vikulega í allan vetur svo við þurfum að vera á tánum og taka upp mikið af efni jafnóðum.“

þeim til halds og trausts verður Niels Gírerð, Nilli. Þórunn er þekkt fyrir fallega söngródd og góðan grínleik hjá Steindanum á meðan Nilli skaust á stjórnuhimininn með rappi sínu á Airwaves í fyrri og fékk í kjölfarið sinn eigin spjallþátt á Mbl-sjónvarpi.

„Ég kann mjög vel við Þórunni og Nilla. Ef ég væri fótboltaþjálfari þá myndi ég segja að það sé mikil breidd í þessum hóp. Við erum ólík og hvert okkar kemur með ólíka hluti að borðinu sem er mikilvægt þegar búa á til eitthvað flott, hvort sem það er sjónvarpsþáttur eða annað,“ segir Björn sem segist líka undirbúinn ef einhver meiddist.

„Þá þyrfti ég náttúrulega að tala við KSÍ og biðja um undanþágu til að fá lánsmann í þáttinn.“

Lærir af kempunum

365 hefur á sínum snærum marga þekktu þáttastjórnendur og er því forvitnilegt að vita hvort slíkar hetjur hafi getað lagt sín lóð á vogaskálarnar.

ar. „Allar þessar kempur eru búnar að vera mjög hjálplegar og viljugar til að gefa mér góð ráð. Ég „lónsaði“ mig einmitt upp með Loga Bergmanni í vikunni þar sem hann fór aðeins yfir þetta með mér. Svo hefur Hemmi Gunn verið duglegur að ausa úr viskubrunni sínum og það kemur sér mjög vel enda er hann Pele íslenskra fjölmiðla.“

En þurfa sjónvarpsmenn ekki að vera í hörkuformi? „Ég er nú ekkert búinn að vera í sérstöku átaki fyrir þáttinn. Ég lifi nokkuð heilsusamlega en ég hef ekkert verið að stækka máltíðina á KFC í sumar þegar maður veit að það er þáttur framundan.“

Björn Bragi ritstýrði áður Monitor og kvaddi skútuna í lok júní. „Ég sakna Monitor að sjálf-sögðu og þá sérstaklega fólksins sem stóð að blaðinu með mér. Þetta var ótrúlega skemmtilegt verkefni en þetta verkefni sem ég er í núna er engu að síður líka skemmtilegt. Það er spennandi vetur framundan.“

Monitor mælir með

FYRIR HELGINA

Þeir sem ætla ekki í bæinn á Menn-ingarnótt eru í ruglinu. Þeir sem ætla hins vegar að skella sér í bæinn á Menn-ingarnótt geta skoðað veglega dagskrá á Menningar-nott.is. Þar er hægt að setja saman sína eigin dagskrá og prenta út svo maður missi nú örugglega ekki af því sem áhugavert er.



FYRIR SAMVIKUNA

Það er ekki seinna vænna að styrkja góð málefni á vefsíðunni Hlaupastyrkur.is þar sem hægt er að heita á hlaupara Reykjavík-urmarabansins. Hlauparnir velja sér gott málefni til að styrkja og hægt er að styrkja í eigin nafni nú eða nafnlaust fyrir hina feimnu.

FYRIR STUÐBOLTA

Hin goðsagnakennda hljómsveit, Sálin hans Jóns míns, kemur saman til að trylla lýðinn á Nasa á Menningarnótt. Sveitin hefur ekki spilað lengi og biða aðdáendur því vafalaust spennitir eftir þessu brjálaða balli sem aðeins sálarlaus-ir mega missa af.



Vikan á...

facebook

Daníel Óliver
Mig dreymdi að mér hefði verið skipað að gefa öllum á Ólafsvík eiginhandaáritun og ég sat sveittur að, þar til penninn gaf sig... þá réðust þau á mig og átu mig lifandi... "Góður draumur maður"

17. ágúst kl. 12:58

Haraldur F Gíslason
Ég þakka stuðninginn. Ef maður hefur ekki hugsjón, hefur maður ekki neitt.

16. ágúst kl. 21:38

Simmi Vill
Þegar maður fréttir af óföllum, slysförum og harmleikjum annara þá skammast maður sín oft fyrir það hversu sjálf-sögðu maður tekur lífinu. Hvet alla til að vera þakklátir fyrir allt sem er gott og "sjálfsagt" í lífinu. (Ég er ekki frelsaður, bara hugsji).

16. ágúst kl. 21:49

Ævar Þór Benediktsson
Slump dagsins; í enskumiðaðri leit minni að myndum af grilltöngum á netinu giskaði ég á hið afar íslenska orð: "Grill-tongs". Það var rétt.

16. ágúst kl. 9:41

Feitast í blaðinu

Stíllinn heimsótti Ernu Hrund sem er tískubloggari og mikill ebay snillingur. >>>4

Guðrúnu, söngkonu White Signal dreymir um að hita upp fyrir Eagles. >>>6

Ilmur Kristjáns var kölluð Fýla og gat ekki átt hund sökum ofnæmis. >>>8

Dóri og strákarnir í Mið-Íslandi verða í góðu glænsi á Menningar-nótt. >>>10

Baldur Sigurðsson faðmaði helling af ókunnugu fólki þegar hann varð bikarmeistari. >>>14

Efst í huga Monitor

Háður reiðum fuglum

Ég hef aldrei verið mikill tölvuleikjamaður. Allir vinir mínir eru geggaðir í FIFA og einhverjum skotleikjum og því þarf ég alltaf að vera gaurinn sem situr og horfir á þegar við hittumst og spilum tölvuleiki. Það hafa þó dottið inn einn og einn leikur sem ég hef náð góðum tökum á og þá á ég það til að verða alveg háður þeim.

Fyrir þó nokkuð löngu síðan spilaði ég mikið leik sem heitir Elasto Mania. Þar fer maður í hlutverk mótörhólagarps sem þarf að keyra á öll eplin á brautinni til að geta klárað borðið. Þessi leikur er alveg einstaklega hægur en virkilega skemmtilegur. Annar leikur sem ég kolféll fyrir er Bobble Trouble en þar er maður djöfull með sólgleraugu sem skýtur einhvers konar reipi í skoppandi bolta. Ég fer einstaka sinnum inn á leikjanet.is og stelst í að spila þennan

leik. En það er alltaf hættulegt því það tekur frá mér svo mikinn tíma þar sem ég byrja alltaf frá byrjun þegar ég verð „game over“ því ég veit að ég á að geta gert betur.



Í dag er ég svo heltekinn af Angry Birds. Mig hefði aldrei grunað að ég ætti einhvern tímunn eftir að festast í leik þar sem ég skýt fuglum úr teygju-byssu í græn svín. En nú nýti ég hverja lausa stund í að klára eins mörg borð og ég mögulega get. En nú er það spurningin. Er ég orðinn það háður leiknum að ég verði að fjárfesta í Angry Birds bol, gefa kærustunni Angry Birds brjóstahaldara eða kaupa mér Angry Birds Lego-kubba?

Sem betur fer er það ekki tilfellið en ég bið ykkur um að pikka í mig ef þið sjáið mig á röltinu í Angry Birds búning.



Míkil litadýró hefur verið ríkjandi á sýningarpöllum tískuheimsins og er því um að gera að hvíla litla svarta kjólinn aðeins og taka þátt í gleðinni. Samsetning lita er viðkvæm og einnig er sniðugt að klæða sig eftir vexti. Stíllinn kynnti sér nokkrar Hollywood-stjörnur sem fundu sér litríka kjóla sem hæfðu vexti þeirra einstaklega vel.

HÁVAXIN

Hin leggjálanga Liv Tyler er hér í kjól frá Stella McCartney. Hátt hálsmálið og sídd kjólsins gerir mikið úr hæð Liv og mittið hennar virðist örmjótt vegna sniðsins sem ykir mjaðmir leikkonunnar.

STUNDAGLAS

Beyoncé gerir mikið úr línun sínum í kjól frá Marc Jacobs. Trikkið er að láta litina skiptast einmitt í grennsta hluta mittisins en þær sem vilja gera minna úr mjöðmunum ættu að velja sér kjól með dökkum lit að neðan.

LITAGLEÐI



FÍNGERÐ

Eva Longoria er smágerð og aðeins rúmír 150 sentimetrar á hæð svo hún lætur litna skiptast hátt upp í mittinu í þessum kjól eftir Victoria Beckham. Skærraður lætur leggina einnig virðast lengri og dregur athyglina að neðri hluta líkamans.

BEIN

Hér er Teresa Palmer í kjól sem gerir mikið úr efri hluta hennar með sterklituum formum. Sterkir litir beina athyglinni að ákveðnum líkamshlutum svo ef þú vilt ýkja einhvern þeirra er um að gera að hafa sterkustu litina á réttum stöðum.

ÓLÉTT

Jessica Alba er hér í glæsilegum sídkjól frá Diane Von Furstenberg sem er tekinn saman undir barminn. Litagleðin í kjólnum er skemmtileg tilbreyting frá dökkum litum sem óléttar konur virðast yfirleitt sækja í að klæðast.

The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
Fatastill	Litgreining	Innkaupastjóri
Fatasamsetning	Förðun út frá litgreiningu	Útlitsráðgjafi
Textíll	Litasamsetning	Stílisti
		Verslunarstjóri

Erna, stílisti

Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhátt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textíll, litafraði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtt mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is



**ERNA HRUND
Á EKKI HUND
EN FER OFT Í SUND**

Sérfræðingur í að versla á eBay

Erna Hrund er konan á bak við síðuna ReykjavikFashionJournal.com. Hún segir þolinmæðina skipta mestu máli þegar kemur að því að versla föt á Ebay.

Erna Hrund Hermannsdóttir starfar sem móttökustjóri á auglýsingastofunni Jónsson & Le'macks og er einnig förðunarlistamaður hjá Maybelline og L'Oreal. Í sumar stofnaði hún síðuna ReykjavikFashionJournal.com þar sem notendur geta verslað föt á Ebay.



Á SÍÐUNNI MÁ EINNIG FINNA TÍSKUBLOGG ERNU

Kærastinn hjálpar til

„Eftir að ég uppgötvaði Ebay á þriðja árinu mínu í Verzló gat ég ekki fylgst mikið með í tímum nema kannski frönsku,“ segir Erna og hlær. „Mig hefur ótrúlega lengi langað til að nýta Ebay-kunnáttu mína eitthvað,“ útskýrir hún og bendir á að kærastinn hennar hafi hjálpað henni að koma síðunni í gagn. „Um daginn settist kærastinn minn svo niður hjá mér og sagðist vera búinn að gera heimasíðu og vefverslun fyrir mig ásamt því að finna nafnið svo þá hafði ég enga afsökun fyrir að kyla ekki á þetta.“

Gefur ekki upp leyndarmálin

Aðspurð segist Erna versla langmest af skóm á Ebay sjálf en einnig föt og fylgihluti. „Ég á orðið nokkuð mörg pör,“ segir hún en bætir við að þau séu orðin ótrúlega mörg. „Ég held meira að segja að fjöldinn sé þrjú stafa tala.“ Verandi sérfræðingur í Ebay-kaupum lumar Erna vafalaust á mörgum góðum trixum við leit að gersemum á síðunni góðu. Hún vill þó ekki gefa þau öll upp að svo stöddu. „Ég vil nú ekki gefa upp öll leitarleyndarmálin en þolinmæðin skilar góðum árangri þegar maður verslar á Ebay,“ bendir Erna á og bætir við að þrautseigjan skipti einnig miklu máli. „Á endanum finnur þú alltaf það sem leitað er að og ýmislegt fleira í leiðinni.“

Frábærar viðtökur

Einfalt er að versla á vefsíðu Ernu sem er einskonar milliliður í kaupunum og þar er hægt að skoða vörurnar sem eru í boði hverju sinni. „Ég reyni að hafa fyrst og fremst vörur sem ég fæ góðar upplýsingar um eins og til dæmis varðandi stærðir og efni,“ segir Erna sem reynir einnig eftir fremsta megni að finna vörur á góðu verði. „Ætli fatasmekkurinn minn komi



ERNA HRUND Á 60 SEKÚNDUM
Uppáhaldshönnuður? Ég held mikið upp á Royal Extreme, Eygló og danska hönnuðinn Stine Goya.
Uppáhaldsflík? Maxi blúndujakkinn sem amma mín heitin saumaði sér fyrir brúðkaup sitt og afa.
Best klædda erlenda konan? Rachel Bilson, Mary-Kate Olsen, Andy Torres og Elin Kling eru nokkrar af mínum uppáhalds.

ekki líka sterkur inn,“ útskýrir Erna sem er hrifin af hönnuðum á borð við Eygló og Stine Goya. Hún segir síðuna hafa fengið mjög góðar viðtökur. „Viðtökurnar hafa farið fram úr mínum björtustu vonum,“ segir Erna ánægð.

Mynd/Sigurgeir S



Skóladaðar
11.-28. ágúst

Viltu vinna iPad?

Komdu í Smáralind og giskaðu á hvað blýantarnir okkar eru langir. Þú setur miða í kassa sem við drögum úr mánudaginn 29. ágúst.

Einhver getspakur þátttakandi vinnur iPad – kannski þú!

LOFORÐ UM BRJÁLÆÐI

Ungsveitin **White Signal** hefur vakið athygli í sumar fyrir ferska spilamennsku. **Guðrún Ólafsdóttir**, önnur söngkvennanna, kynnti hljómsveitina fyrir **Monitor**.

Meðlimir hljómsveitarinnar eru ekki mjög gamlir, eða frá fjórtán upp í sextán ára aldur. Hvernig finnst þér að þið séuð farin að vekja athygli svona ung?

Mér finnst við ekkert vera farin að gera það strax, við erum bara að taka þessu rólega og spila af og til. Við erum ennþá algerlega á byrjendastigi í þessu.

Hvernig varð þessi hljómsveit til?

Ég var að spila með stelpubandi í vetur og svo varð í rauninni lítið úr henni, ein stelpan flutti til Noregs og hljómsveitin leystist upp. Þá stofnuðum við nýja hljómsveit og leituðum að krökkum í hana og til varð þessi hópur.

Hvernig hefur sumaríð verið hjá hljómsveitinni?

Við æfum alla virka daga frá klukk- an tíu um morgun til sex í aðstöðu sem við erum með í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar. Við erum að semja okkar eigið efni en líka „covera“ Jamiroquai, Bon Jovi, Muse, Stevie Wonder og hitt og þetta. Við höfum verið að spila niðri í bæ, til dæmis á Austurvelli og ofan á þakinu á HaPP.

Hvernig viðbrögð hafið þið fengið?

Við höfum fengið mjög góðar móttökur. Það stendur sennilega upp úr þegar við vorum að spila niðri á bryggju í sumar til að taka á móti skemmtiferðaskipi og gestum þess. Eftir tónleikana var starfslið skipsins svo hrifð af okkur að okkur var boðið að fara í skoðunartúr um skipið, sem var mjög skemmtilegt.

Hvaðan kemur þetta nafn, White Signal?

Þetta er vísun í frið og eitthvað fallegt.

Hvað finnst þér annars vegar skemmtilegast og hins vegar leiðinlegast við það að vera í hljómsveit?

Félagsskapurinn og spilamennskan eru ómissandi, enda er þetta áhugamál númer eitt. Það er hins vegar klárlega leiðinlegast að róta, maður þarf víst að gera nóg af því.

Ef þú mættir velja eina hljómsveit fyrir ykkur til að fá að hita upp fyrir, hvaða band yrði fyrir valinu?

Eagles, ekki spurning. Ég er búin að hlusta á þá rosalega lengi, við Brynjar gítarleikari erum saman í því.

Hvað er framundan hjá White Signal?

Við ætlum bara að spila út um allt og allir sem vilja geðveikt góða hljómsveit mega hringja í okkur og svo má finna okkur á Facebook. Við lofum að gera allt brjáláð.

GUÐRÚN Á 60 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 260797.

Staða í hljómsveitinni: Hljómborð og söngur.

Skólastig: Ég er að fara í 9. bekk.

Uppáhaldshljómsveit: Þær eru margar. Eagles, Bon Jovi, Supertramp og Jamiroquai.

Michael Jackson eða Justin Bieber? Michael Jackson.

Bubbi Morthens eða Björgvin Halldórsson? Má segja pass?

Beyoncé eða Lady Gaga? Má ég segja pass aftur?

SPENNING
MENNING

Stuðkrakkarnir í **White Signal** verða á **Óðinstorgi klukkan 19:00** á Menningarnótt.

MONITOR TV
Farðu inn á **MonitorTV** á **mbl.is** og sjáðu **White Signal** taka lagið.



Haðarstígur býður heim frá klukkan 14:00 til 16:00

KISI KISI MJÁ MJÁ
BÝÐUR UPP Á VÖFFLUR

Mynd/Sæberg

AGNARSMÁ EN GESTRISIN

Í hjarta Reykjavíkur leynist lítil gata sem heitir Haðarstígur. Þar býr ansi gestrisið fólk sem ætlar að bjóða öllum sem vilja í heimsókn á laugardaginn í tilefni af Menningarnóttinni. Þorgerður Pálsdóttir sagði Monitor frá þeirri sérstöku stemningu sem ríkir í götunni.

Hvað er um að vera á Haðarstígunum á Menningarnótt? Það er mikið um að vera hjá okkur, við ætlum að reima á okkur svunturnar, bjóða fólki upp á kaffi og okkar margrómaða bakstur. Svo erum við svo heppin að fá til liðs við okkur hann Davíð Örn Halldórsson, sem vinnur nú að listaverki á rólóvellinum okkar. Verkið verður síðan afhjúpað á Menningarnótt þar sem videolistaverki verður varpað á vegginn sem lista-verkið prýðir. Svo verður nóg um söng og gleði, Bartónar Kaffibarsins munu meðal annars troða upp. Íbúarnir ætla sumir hverjir að opna kompur og geymslur og selja skemmtilega hluti sem þar leynast.

SPENNO MENNO

Er búið að skipuleggja hver gerir hvað? Við erum að fara yfir hlutverkaskiptinguna þessa dagana en fyrst og fremst hjálpumst við öll að. Við þurfum að setja upp stórt tjald, borð og stóla og bera veitingarnar út. Þetta fór framúr björtustu vonum í fyrra svo við eigum von á margmenni hér í götuna aftur í ár. En ef við verðum hress og kát öll sömul eins og venjulega þá verður dagurinn góður.

Er alltaf geggið stemning á Haðarstíg? Já, það er mjög sérstök stemning hérna hjá okkur. Það eru allir góðir vinir og samstíga

í flestum málum. Það er oft þannig eftir klukkan fjögur og í sumarfríum þá eru börnin úti á götu að leika og foreldrar og íbúar standa úti að spjalla saman. Börnin skipa stóran sess í lífinu hér við Haðarstíginn og það er mikið líf hér í götunni. Á 17. júní sláum við til dæmis upp heljarinnar teiti þar sem íbúar fara út á götu með borð og stóla og vinir og kunningjar koma í heimsókn og allir borða saman. Í raun vill maður ekki flytja héðan því stemningin er svo góð.

Haðarstígur er vistgata. Hvaða merkingu hefur það fyrir ykkur? Það vill svo skemmtilega til að flest okkar í götunni eru mjög róttæk og árið 2009 fengum við það í gegn að götunni yrði breytt í vistgötu. Við höldum einmitt götuhátíðina það árið í fyrsta skiptið til að minna á okkur og það gekk upp. Gatan er ansi þröng og hér eru ekki gangstéttir og því bauð það hættunni heim þegar bílar voru að keyra

hér á miklum hraða enda börn að leik oft og tíðum. Nú í ár vonumst við til að ná þessu enn lengra og fá götunni breytt í göngugötu þar sem einungis er leyfilegt fyrir íbúa að keyra.

Á að gera eitthvað annað þennan dag eða tekur það alla restina af deginum að ganga frá eftir ókunnuga gesti? Það tekur lúmska stund að ganga frá öllu hér en mér finnst rosalega gaman að fara niður í bæ og skoða mismunandi atburði. Það er svo mikið spennandi í gangi. Svo verð ég náttúrulega að sjá flugeldasýninguna.

ENGINN SKILINN ÚTUNDAN

Hljómsveitin Samaris sigraði Músíktílaunir í ár og er á leið til Hollands á tónlistarhátíð. Monitor ræddi við Jófríði Ákadóttur sem gerir ekki upp á milli hljómsveitarmeðlima.

Hvað þýðir Samaris? Samaris er nafn sem ég fann í gömlu tölublaði af Vikunni frá 1960. Í teiknimyndasögunni Skuggi var persóna sem hét Samaris og ég pikkaði það nafn upp á síðustu stundu fyrir Músíktílaunir.

Hvað ert þú að gera fyrir utan tónlistina? Ég er eiginlega bara í tónlist. Reyndar fer ég stundum í jóga en annars er ég voða mikið að spila á gítar og klarinett.

Hversu skapandi var sumarstarfið ykkar? Mjög. Við vorum mikið að semja tónlist og vinna í henni ásamt því að gera nokkur cover-lög. Svo vorum við líka að búa til myndbönd og alls konar skemmtilegt.

Myndir þú segja að þetta væri besta sumarvinna í heimi? Jájá, ætli það ekki bara.

Hvað eruð þið að fara að gera í Hollandi? Við erum að fara að taka þátt í hátíð þar sem sex hljómsveitir frá mismunandi löndum í Evrópu koma saman og vinna saman. Svo í lokin spilum við á stórum lokatónleikum á bæjarhátíð í Hollandi.

Hver er mest skilin/n útundan í hljómsveitinni? Ég veit það nú ekki alveg. Þetta er allt voðalega jafnt hjá okkur og það er erfitt að gera upp á milli.

Hvaða húsdýri líkist Samaris mest? Samaris væri köttur því við erum svolítið dularfull.



SPENNO MENNO

Samaris spilar fyrir framan Hlitt húsið kl. 14:00 á Menningarnótt.

RÖFF, TÖFF OG SPILA HOTT STÖFF

Mynd/Emir

Nýr matseðill á Ruby Tuesday

Komdu í heimsókn og gæddu þér á fjölda nýrra rétta

Ruby Tuesday
BRAGDGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300



PIPAKTÍVA - SÍA - 111766

Sofnar oft í leikhúsi

Flestir þekkja guðfræðineman **Ilmi Kristjánsdóttur** sem eina fyndnustu leikkonu landsins. **Monitor** yfirheyrði hana um stórborgaflakkið, nafnið hennar og ofnæmisvesenið.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Ernir Eyjólfsson

einar@monitor.is
ernir@mbl.is

Þú ert að læra guðfræði í háskólanum. Hvað kemur til?
Ég er búin með þrjátíu og tvær einingar en hef ekkert gert í þessu frá 2009, í vetur ætla ég að reyna að taka tvo áfanga með vinnu. Ég vissi ekki neitt um þetta fag áður en trúmál hafa alltaf heillað mig. Ég hef alltaf sett stórt spurningamerki við þau ásamt því að óttast þau og þess vegna ákvað ég að kasta mér út í djúpu laugina. Í rauninni fór ég í guðfræði til að kynna mér málin og hef heillast mjög af faginu.

Trúir þú á Guð?

Já, ég trú á Guð. Ég held að það geti ekki verið að allt sé tilviljun, ég held að það hljóti að vera eitthvað æðra. Ég komst líka að því að maður hefur um tvo kosti að velja, að trúa eða trúa ekki og maður er í rauninni bara snauðari með því að trúa ekki. Svo þegar ég dey þá kemst ég kannski að því að það var enginn tilgangur með því að trúa en ég átti allavega, að ég held, betra líf í þeirri blekkingu að trúa (hlær).

Þú ólst upp í miðbænum. Ert þú miðbæjarrotta?

Örugglega myndu margir segja það. Ég get ekki hugsað mér að búa hvar sem er, ég gæti búið í miðbænum, Vesturbænum eða kannski bara svolítið út fyrir bæinn. Nú er ég alin upp í miðbænum svo allir vinir mínir búa þarna. Ég held að það sé meira aðdráttarafl í því frekar en við staðsetninguna eða nálægðin við barina, þótt það hafi kannski verið málið þegar maður var í leiklistarskólanum.

Þú ert stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Hvernig týpa varstu í menntaskóla?

Ég fór alla leið í „MH-týpunni“ sem átti að heita í þá daga. Ég prófaði allar tegundir af fatasmekk og var með alls konar hárgreiðslur og ég man sérstaklega eftir einu dressi. Þá var ég stutthærð, með strípur, í röndóttum sokkabuxum, fjóluþlám kjól og gulum leðurjakka. Ég man að þá hugsaði ég: „Nei, þetta er of mikið“, svo þá fór ég að leita aðeins til baka aftur, þarna náði ég hápunktum týpunnar. En ég var í leikfélaginu öll árin og tók menntaskólaárin með trompi, mér fannst mjög gaman í menntaskóla.

Beint eftir leikaranámið landaðir þú hlutverki Línu Langsokks. Átt þú margt sameiginlegt með Línu Langsokki? Ólst þú upp við sögurnar af henni?

Já eða ég held að flestar stelpur vilji eiga eitthvað sameiginlegt með henni. Hún er svo hugrökk og flott og hún er allavega rosalega góð fyrirmynd. Ég ólst reyndar ekki upp við hana en ég þekkti hana auðvitað, ég var enginn brjáláður aðdáandi þannig. Maður heillaðist samt strax af þessari týpu sem gerði einhvern veginn allt öfugt, svaf með fætur á koddanum, labbaði aftur á bak, geymdi hestinn sinn inni í eldhúsi og bakaði pönnukökur á gólfinu. Hún er svona nettur pönkari og brýtur reglurnar, hún er frábær týpa.

Mér skilst að þú sért hundaeigandi. Getur þú sagt mér aðeins frá hundinum?

Ég átti hund í nokkra mánuði en það gekk því miður ekki, ég var ekki nógu mikið heima til að geta sinnt honum. Svo er ég reyndar líka með ofnæmi fyrir hundum en ég ætlaði að reyna að horfa framhjá því. Það var samt mjög jákvæð lífsreynsla. Mig langaði að vera svona hundaeigandi, mér finnst þeir einhvern veginn alltaf svo rólegir og stöðlir, alltaf í göngutúrum. Ég ætlaði að kaupa mér það með því að fá mér hund.

Ég heyrði að þú værir í víkingaþreki hjá Mjölni. Ert þú lúmskur slagsmálhundur?

Heyrðu, þetta er algert bull. Ég stunda jóga í jógaöld sem er við hliðina á Mjölni. Það gerðist einu sinni að tíminn minn þar féll niður svo ég fór í prufutíma hjá Mjölni og þá kom þessi einkennilega frétt, „Ilmur tekur á því eins og víkingur“. Ég var ekki einu sinni allan tímann, ég var þarna í tuttugu mínútur að lyfta ketilbjöllum en núna halda allir að ég sé í svaka formi að æfa víkingaþrek (hlær).

Nú er leiklistarsenan á Íslandi lítill og væntanlega mikil samkeppni um hlutverk. Er þetta mikil barátta? Áttu óvini innan stéttarinnar?

Nei, ekki svo ég viti en það getur svo sem verið (hlær). Ég veit hins vegar ekki af þeim og á meðan það er þannig þá er það bara fínt. Maður finnur ekki fyrir baráttu en auðvitað komast kannski færri að en vilja en það er kannski

bara eins og með allt almennt í lífinu. Ég held samt að ef þú vilt eitthvað nógu mikið þá færðu það.

Hvort finnst þér sjálfri skemmtilegra að fara í leikhús eða bíó?

Mér finnst skemmtilegra að fara í leikhús, jafnvel þótt ég sé á leiðinlegri leiksýningu, af því það er eitthvað svo huggulegt. Það er ákveðin friðhelgi í leikhúsi, ég meira að segja sofna oft, það er mjög þægilegt að sofna í leikhúsi. Þú gleymir þér alveg og þú svarar til dæmis ekki SMS-um í leikhúsi eins og sumir gera í bíó. Svo finnst mér reyndar oft þægilegra að horfa á bíómyndirnar heima frekar en í bíó. Auðvitað finnst mér leikhúsið líka bara heillandi heimur, ég er oft að fylgjast með fólki sem ég þekki og þetta er kannski meira fyrir mig að spá í.

Þú hefur verið dugleg að leika í sjónvarpsþáttum, til dæmis í Stelpunum þar sem landslið fyndinna leikvænna var saman komið. Var ekki mikil samkeppni um hver væri fyndnust?

Nei nei, við vorum bara að skemmta okkur og við vorum náttúrulega langflestar að skrifa ásamt því að leika en réð- um því ekkert endilega hver lék hvað. Það fannst öllum þetta æðislega gaman og eftir á að hyggja er maður mjög stoltur af þessu framtaki. Konur í sjónvarpi voru ekkert algengar og meira að segja enn þann daginn í dag horfir maður á á vetrardagskrána og það er oft fátt um fina drætti þegar kemur að efni þar sem konur eru ráðandi.

Ofnæmiskonan í þáttunum er sennilega einn fyndnasti karakter sem þú hefur leikið. Er hann byggður á einhverjum sem þú þekkir?

Bara á sjálfri mér. Ég þekki hana mjög vel, þetta er „alter-egóið“. Ég var með flöskubotnagleraugu þar til ég var tólf ára og er svona ofnæmis- og exemsjúklingur alveg frá því að ég var barn þannig að það var kannski mesti óttinn að ég yrði svona týpa alla tíð (hlær). Það hefur alltaf verið vesen á mér í sambandi við þvottaefni og hvað er á gólfunum og svo framvegis.

Nýverið var tilkynnt að gerð yrði önnur þáttaröð um Ástríði. Upplifir þú þig sem hina íslensku Sarah Jessica Parker eftir að hafa leikið Ástríði?

Nei, hún er kannski ekki alveg jafnkúl og persónan sem Sarah Jessica Parker leikur og á ekkert að vera kúl. Ég er mjög spennit fyrir því að gera aðra seríu, maður lærði mjög mikið af fyrstu seríunni. Við fengum góð viðbrögð við henni en þau létu samt bíða dálítið eftir sér. Þættirnir voru sýndir um haustið fyrir tveimur árum en síðasta vetur fór fólk að senda mér tölvupóst og Facebook-skilaboð þar sem það var að spyrja hvort það kæmi ekki önnur sería og fólk var þá búið að horfa á þetta í flugvélunum og á DVD. Það var líka mikið af karlmönnum sem héldu að þetta væri stelpuþáttur sem fannst þetta síðan mjög fyndið, það var mjög gaman.

Stundum er samt vandræðalegt hvað mér finnst ég sjálf fyndin.

Nýjasti þátturinn heitir Borgarilmur þar sem þú flakkar um hinar ýmsu borgir. Var það ekki draumavinna að fá borgað fyrir að fara í menningarferðir?

Vinir mínir hötuðu mig þegar ég fékk þessa vinnu enda var þetta mjög skemmtilegt. Ég skrifaði handrit að þáttunum ásamt stráki sem heitir Hannes Páll Pálsson þannig að við fengum dálítið að ráða hvað ég gerði. Við vorum að reyna að gera ótýpíska hluti og hitta skemmtilegt fólk og það var einmitt það sem stóð upp úr, í hverri einustu borg hitti ég svo áhugavert fólk.

Hvað stendur upp úr heimsflakkinu?

Fólk sér það nú í þáttunum því það er erfitt að gera upp á milli. Til dæmis fannst mér Halifax ekkert hljóma sem neitt brjálæðislega spennandi borg fyrirfram en þar datt ég inn á myndlistarsýningu hjá skemmtilegri konu. Hún var blaðakona en byrjaði að mála fyrir tíu árum síðan og ættleiddi stelpu frá Kína og ætlaði að fræða hana um Nova Scotia, sem er parturinn af Kanada sem Halifax tilheyrir, og þá komst hún að því að hún vissi ekkert um neinar konur þaðan sem hefðu gert það gott. Þá ákvað hún að grafa upp merkilegar konur frá svæðinu og málaði portrettmyndir af þeim og þessi sýning var sem sagt með níu myndum af kvenskörungum Nova Scotia. Þessi sýning og frumkvæði hennar gladdi mitt feminíska hjarta.

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 190378.

Uppáhaldsmatur: Ef ég ætti að fara út að borða í kvöld, þá myndi ég vilja komast á eþíópískan stað.

Uppáhaldsleikari: Ég spái ekkert rosa mikið í leikarana. Auðvitað eru til leikarar sem er alltaf gaman að horfa á, til dæmis Emma Thompson, en mér finnst einmitt þau skipti sem maður gleymir að horfa á leikarann og einblínir á hlutverkið þá er verið að gera besta djöbbið.

Draumahlutverkið: Ég hef í raun aldrei átt neitt draumahlutverk og á það ekki enn en ég fæ samt tilhlökkun fyrir að leika ákveðin hlutverk eins og í vetur er ég að fara að leika í Svári við bréfi Helgu og af því að mér fannst bókin svo æðisleg þá hlakka ég til að setja það á svið.

Helsti kostur: Hann er í senn minn mesti löstur, það er hvað ég er gleymin.

Versti ávani: Ég er mjög skapvond á morgnana en langar að vera meiri morguntýpa.



Lærðir þú mikið af ferðalaginu?

Á þessu ferðalagi mínu fattaði ég alveg hvað Ísland er flott land til að ferðast um og reyndar líka eitt sem ég hafði aldrei þælt í áður og það er hvað það er mikið pláss á Íslandi. Ég var í París og þá var einn maður að kvarta yfir því að það væri hvergi pláss í kringum hann. Hann býr í íbúð sem er pínulítill, rekur krá sem er pínulítill og ferðast þangað með meðanjarðarlestum sem eru troðfullar og þá fattaði ég hvað við værum heppin að eiga mikið pláss og þú þarft ekki að keyra nema í hálf tíma hérna úr Reykjavík og þá ertu kominn í algera sveitasælu.

Hvernig finnst þér að horfa á sjálfa þig á hvíta tjaldinu eða í sjónvarpi?

Ég horfi nú ekki mikið á mig, ég held að ég hafi séð Ástríðarseríuna einu sinni. Stundum er samt vandræðalegt hvað mér finnst ég sjálf fyndin eins og um daginn var dóttir mín allt í einu að spila Stelpurnar í tækinu heima og þá stóð ég sjálfa mig að því að vera límd fyrir framan þetta með henni að hlæja að sjálfri mér og það var svolítið vandræðalegt, sérstaklega af því að það voru gestir. Ég forðast samt að horfa á mig og það er kannski kosturinn við að gera eitthvað fyrir sjónvarp eða bíó. Maður vinnur eitthvað verkefni og svo þarf maður ekkert að þæla í því meira en í leikhúsinu er maður alltaf að mæta áhorfendum kvöld eftir kvöld.

Nú heita einungis níttján stelpur eða konur nafninu Ilmur á landinu og eru þær langflestar fæddar á eftir þér. Hvernig hefur nafnið reynst þér?

Við erum einmitt tvær sem heitum þessu í leikhúsinu, hin er leikmyndahönnuður og myndlistarkona og heitir Ilmur Stefánsdóttir. Það er reyndar alltaf verið að rugla okkur saman, ég fæ símtöl sem eiga að fara til hennar og öfugt og ég hef verið sögð Stefánsdóttir á forsiðum blaða. Ég man hvað ég var glöð að hitta nöfnu mína þegar við hittumst fyrst, fram að því var ég mjög ein. Þegar ég var lítill stríddi systir mín mér mikið og kallaði mig „Fýlu“. Vegna þess var ég reyndar orðin svo ónæg fyrir stríðni út af nafninu þegar ég síðan byrjaði í skóla þannig að ég var aldrei uppnefnd þar, það var bara eldri systir mín sem sá um það. Í seinni tíð þykir mér bara vænt um að heita svona sérkennilegu nafni. Ég skírði dóttur mína Auði en það nafn hafði alltaf fylgt mér. Fólk var vant að segja við mig að Ilmur væri karlmannsnafn, af því að það er „hann ilmurinn“, en ég man eftir því þegar ég var fimm ára í Sundhöllinni að útskýra fyrir sundlaugarverði að Ilmur beygðist eins og Auður og það væri kvenmannsnafn. Ég var með æft mótisvar við þessari athugasemd.

Þegar þú flakkaðir um borgirnar fyrir þættina þína, kynntir þú þig þá undir nafninu Smell?

Nei, frekar Ilmur (með amerískum hreim). Ef einhver spyr mig hvað það þýðir þá segi ég heldur ekki „smell“ heldur „fragrance“ eða „scent“, það hljómar miklu betur.



/// Þegar ég
var lítil
stríddi systir mín
mér mikið og
kallaði mig „Fýlu“.

viðtalið

EKKI ER VITAÐ HVERSU LENGI ÓLÖF GETUR HALDIÐ ÞESSARI STÖÐU

DANSANDI ÓVISSU-FELLIBYLYR

Ólöf Helga Gunnarsdóttir útskrifaðist úr Alvin Ailey danskólanum í New York í vor og sýnir lokaverkefnið Within It á Menningarnótt.

Hvernig myndir þú lýsa dansverkinu í fimm orðum? Minningar, reiði, óvissa, söknuður og sorg.

Hvað er þetta „it“ sem þú ert „within“? Líklega er best að lýsa þessu „it“ sem óvissu en svo kemur nafnið á verkinu líka frá nafni lagsins sem það er samið við, Tornado með Jónsa. Því mætti líka segja að nafnið vísaði í að vera inni í fellibylnum, fellibyl af óvissu.

Hvað fékkst þú í einkunn fyrir verkið? Það er ekki beint gefin einkunn fyrir verkin þar sem þetta var sýnt á svona lokasýningu í vor en ég fékk frábærar viðtök eftir sýninguna. Svo eru gefnar einkunnir fyrir hvern kúrs fyrir sig og auðvitað stóð ég mig mjög vel í þessu öllu saman (hlær).

Lifir þú í gegnum dansinn eða dansar þú í gegnum lífið? Ég myndi segja að ég dansi í gegnum lífið vegna þess að mér finnst gaman að dansa en hef líka gaman af öðrum hlutum svo ég lifi ekki beint fyrir dansinn.

Hver er þinn helsti dansdraumur? Hvað varðar dansinn langar mig mest að nota það sem ég lærði úti og kenna það hérna heima. Í skólanum úti var kennd svokölluð Horton-tækni sem hefur ekki verið kennd hér heima. Þessi danstækni er mjög líkamleg og styrkir dansarann ótrúlega mikið þannig að hann getur í raun gert hvað sem er í dansi og öðru.

Hyggst þú leggja dansinn fyrir þig? Ég ætla aftur til New York í haust og sjá hvað ég get fengið þar. Samkeppnin er auðvitað svakaleg en ég ætla að láta á þetta reyna samferða því að vera í fjarnámi í efnafræði í HÍ.

Mynd/Emir



Sólóverkið **Within It** verður sýnt kl.18 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á Menningarnótt. Verkið er aðeins fjórar mínútur svo gestum er bent á að mæta tímanlega.

ARI VAR Á HETTUPEYSU-FUNDI ÞEGAR MYNDIN VAR TEKIN



Leikritið **Bændur** flugust á er sýnt klukkan 15:00 í útibúi Landsbankans á Austurstræti. Klukkutíma síðar stígur **Mið-Ísland** á svið.

TVÖFÖLD ÁNÆGJA

Halldór Halldórsson fer mikinn á laugardaginn í Landsbankanum. Þá stígur hann á svið með félögum sínum í Mið-Íslandi og varpar einnig nýju ljósi á Íslendingasögurnar í leikriti sem hann skrifaði ásamt Bergi Ebba og Uglu Egilsdóttur.

Hvernig leikrit er þetta? Þetta er söguleg og mannleg rannsókn á Íslendingasögnum þar sem við pælum í því hvað gerðist, hvað gerðist ekki og hvar höfundurinn greip inn í. Þetta er gamanleikrit sem ætti að henta öllum sem hafa húmor.

Hvernig verður uppstandið hjá ykkur? Verða bara brandarar um Landsbankann og Menningarnótt? Þetta verður eitthvað menningarlegt bankagrín, það er alveg ljóst. Nei, nei, við erum búnir að nota sumarið í að semja efni fyrir komandi vertíð.

Má búast við sprengju í haust? Sýningarnar í Þjóðleikhúskjallaranum gengu mjög vel í fyrravor og því ætlum við að vera áfram þar. En nú verður þetta með örlítið breyttu sniði þar sem við erum að búa til alveg magnað „sjó“ og þetta verður keyrt eins og sýning sem verður sýnd einu sinni í mánuði fram að jólum. Svo ætlum við að fá erlenda gesti og við erum með alla helstu grínista Norðurlandanna í startholunum.

Flytja þeir efnið sitt á ensku? Þeir flytja efnið á ensku þó að norskan og danskan ættu ekkert að flækjast fyrir öllum þeim sem lærðu „kylling og softice og pølser“ í dönskutímunum í gamla daga.

Verða engir loftfílmleikar? Jú, við ætlum einmitt að hafa þetta svona Vesturports-fílmleika-uppistand.

Ætliði ekkert að selja Mið-Ísland boli? Nei, við erum ekki með boli en við erum að gera sérstakar Ara Eldjárn hettupeysur.

Hvað á að gera annað á Menningarnótt? Spóka sig um og vera sprækur. Svo er ég með mjög góðan díl við Björgunarsveitina og er að fá nokkra flugelda frá þeim eftir flugeldasýninguna. Þannig að ef þið heyrið hvelli eða finnið púðurlykt vitið þið að ég er ekki langt undan.

Mynd/Sigurgeir



MEÐ VÖKVA Í ÆÐ FRAM EFTIR DEGI

Lögfræðingurinn, Diljá Mist Einarsdóttir, hefur verið hvað öflugust í að safna áheitum fyrir Reykjavíkumaraþonið þetta árið. Á laugardaginn hleypur hún tuttuguogeinna kílómetra fyrir styrktarsjóð systur sinnar, Susie Rutar, en sjóðurinn vinnur að forvörnum gegn vímuefnum.

Hverjir eru það sem eru að heita á þig? Það hafa bæði verið vinir og fjölskylda en svo hefur það líka verið fólk sem hefur áhuga á málefnum og vill styðja það. Það er mjög skemmtilegt. Ég, vinir mínir og fjölskylda erum búin að vera dugleg að pósta þessu á Facebook. Er það ekki besti miðillinn í dag til að koma einhverju á framfæri?

Ert þú þekkt fyrir að hlaupa mikið eða er þetta alveg nýtt fyrir þér? Ég er svo sannarlega ekki þekkt fyrir að hlaupa. Ég held jafnvel að einhverjir hafi verið að heita á mig af því að þeim þykir svo merkilegt að ég sé yfir höfuð að fara að hlaupa svona langa vegalengd. Ég hef aldrei stundað íþróttir. Þetta var einhver rosaleg bjartsýni hjá mér í vor en ég er frekar ánægð með mig. Ég er búin að vera að hlaupa í sumar með Robba, kærastanum mínum og Garpi, hundinum mínum. Þeir hafa staðið sig vel sem þjálfarar.

Þannig að þú hafðir í raun bara hlaupið fyrsta apríl þangað til í vor? Ég segi það nú kannski ekki alveg. Ég hef nú alveg hlaupið í gegnum tíðina en þá alltaf bara styttri vegalengdir. Ég var svakaleg í sprettunum; ég er svo létt á fæti (hlær).

Ætlar þú að gera eitthvað annað á Menningarnótt eða verður þú í súrefnistjaldi það sem eftir lifir dagsins? Hlaupið er snemma að morgni sem kemur sér ekkert sérstaklega vel fyrir mig þar sem ég er svo mikil B-manneskja og ég hugsa að ég verði með vökva í æð eitthvað fram eftir degi. Nokkrar vinkonur mínar eru á leið í nám erlendis og ég ætla að nýta þessi helgi til að kveðja þær svona rétt á meðan ég er ekki í hlaupagallanum. Ég ætla því rétt að vona að ég nái að jafna mig áður en Bubbi stígur á svið.

Heldur þú að systir þín fylgist með? Já, ég er búin að vera að hugsa mikið undanfarna daga hvað systur minni, henni Susie Rut, finnst um þetta uppátæki mitt. Hún er annað hvort yfir sig hneyksluð eða hún skemmtir sér konunglega yfir þessu. Ég veit og vona að hún á eftir að fylgjast með svo ég treysti frekar á það heldur en að vera borin á brott af einhverjum sjúkraflutningamönnum.

Mynd/Sigurgeir

DILJÁ AÐ KYNNNA SÉR LOG
UM MARAÐONHLAUP

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka hefst klukkan
8:40 fyrir framan útibú bankans á Lækjargötu.



ENGINN HATTUR EINS

Anna Gulla hannar hatta og er með sýningu ásamt tveimur öðrum hatta-hönnuðum á Menningarnótt.

Af hverju hattar? Ég fékk þessa hugmynd þegar ég var 16 ára en gleymdi henni um stund og ákvað að kyla á þetta 25 ára gömul. Þá fann ég mér tveggja ára nám í Gautaborg og lauk við það núna í júní.

Er mikil eftirspurn í hattabransanum á Íslandi? Miklu meiri en ég hélt, við fengum pantanir um leið og við byrjuðum í sumar sem ég var alls ekki búin undir. Það er búið að vera fullt að gera sem er æðislegt.

Hvernig hatta er fólk þá aðallega að kaupa? Þetta eru ekki þessir brúðkauphattar sem margir kannast við frá Bretlandi heldur er ég aðallega að hanna herrahatta á konur. Þeir eru langvinsælastir þó þeir séu mjög hefðbundnir.

Hvernig hatta finnst þér skemmtilegast að hanna? Það er mjög misjafnt en helst úr filt-efni. Ég er ekki mikið fyrir svona sumarlega stráhatta og reyni að vera aðallega í tiskumiðaðri hönnun. Þetta eru oft eins og skúlptúrar og enginn hattur eins.

Hvað átt þú sjálf marga hatta? Þegar ég bý til hatt á sjálfa mig kemur alltaf einhver og vill kaupa hann svo ég á bara einn hatt þrátt fyrir að hafa búið til yfir 50 stykki.


Er erfitt að fatta hatta? Ekki fyrir mig.

Mynd/Sabberg

ÞÚ HANNAR EKKI HATT
HÖFUÐFATSLAUS

Sýningin Yfirhöfuð 2011 verður í verslun
Eggerts feldskera frá hádegi á Menningarnótt.

FERILLINN



Tom Hanks

Hæð: 183 sentimetrar.
Besta hlutverk: Forrest Gump.
Staðreynd: Heldur með Aston Villa í ensku af því honum finnst nafnið hljóma eins og nafn á paradísareyju í Miðjarðarhafinu.
Eitruð tilvitnun: „Ég hef gert yfir 20 kvikmyndir og fimm þeirra eru góðar.“

1956 Fæðist þann 9. júlí í bænum Concord í Kaliforníu-fylki Bandaríkjana.

1977 Eignaðist sitt fyrsta barn, soninn Colin, með bandarísku leikkonunni Samantha Lewes.

1979 Flutti til New York til að reyna fyrir sér sem leikari og hóf ferilinn á leiksviði. Næstu árin lék hann í nokkrum kvikmyndum sem fóru ekki hátt.

1987 Skildi við Samantha eftir 9 ára hjónaband.

1988 Giftist núverandi leikkonunni Rita Wilson. Sama ár kom kvikmyndin Big út og skaut Hanks rækilega upp á stjörnuhimininn.

1994 Fékk Óskarsverðlaun sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Philadelphia. Hanks missti heil 13 kíló fyrir tókur myndarinnar.

1995 Fékk Óskarinn aftur sem besti leikari í aðalhlutverki, í þetta sinn fyrir titilhlutverkið í kvikmyndinni Forrest Gump. Hanks er einn af tveimur leikurum sem hafa hlotið Óskarinn fyrir besta leik í aðalhlutverki tvö ár í röð. Hinn er Spencer Tracy. Sama ár ljáði hann kúrekanum Vidda röð sína fyrir tölvuteiknimyndina Toy Story í fyrsta skipti.

1996 Leikstýrði fyrstu kvikmyndinni, That Thing You Do.

2002 Fékk viðurkenningu fyrir ævistarf sitt frá Bandarísku kvikmyndastofnuninni. Hanks er yngsti maðurinn sem hefur hlotið verðlaunin en hann var aðeins 45 ára gamall þegar honum hlotnaðist þessi heiður.

2011 Varð afi í fyrsta sinn er sonur hans, Colin, eignaðist dótturina Olivia Jane í febrúar á árinu.



Frumstýningar helgarinnar

Larry Crowne

Leikstjóri: Tom Hanks.
Aðalhlutverk: Julia Roberts, Tom Hanks og Bryan Cranston.
Lengd: 99 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurshópum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Kringlunni.

Þar til honum var sagt upp í vinnunni var hinn ljúfi Larry Crowne sannkallaður súperstjörnu-leiðtogi í vinnunni sem hann hafði unnið í síðan hann hætti í hernum. Larry ströggla við að borga af húsinu

One Day

Leikstjóri: Lone Scherfig.
Aðalhlutverk: Anne Hathaway, Jim Sturgess og Patricia Clarkson.
Lengd: 108 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurshópum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

Eftir að hafa eytt einum degi saman, útskriftardeginum sínum úr háskóla, 15. júlí 1988, verða Emma Morley og Dexter Mayhew ævilangir vinir. Hún kemur af verkafólki og dreymir um að gera heiminn að betri stað. Hann kemur af efnafólki og dreymir um að gera heiminn að sínum persónulega leikvelli. Næstu tvo áratugi lítum við inn til þeirra 15. júlí á hverju ári og sjáum hvernig samband þeirra þróast. Saman og sundur, sjáum við líf Dex og Em æða áfram í gegnum þeirra vinskapa og ósætti, vonir og glötuð tækifæri, grátur og hlátur.

Andlit Norðursins

Lengd: 90 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurshópum.
Kvikmyndahús: Bíó Paradís.

Ragnar Axelsson (RAX) ljósmyndari hefur undanfarinn aldarfjórðung myndað menn og náttúru á norðurslóðum. Fyrir honum vakir að festa fólkið og lífshætti þess á filmu áður en það verður of seint. Til þess verður hann að ávinna sér traust þeirra, verða einn af þeim, læra að komast af í aðstæðum sem eiga fátt skylt með þægindum nútímans. Aðeins þannig ávinnur hann sér rétt til að komast að þessu fólki, heyrja sögur þess og fá að mynda það í umhverfi sínu.



BIEBER ER MÚRAÐUR MIÐAÐ VIÐ ALDUR



sínu og er óviss hvað hann á að gera nú þegar hann á allt í einu nóg af frítíma. Hann ákveður að fara aftur í framhaldsskólann í bænum til að byrja nýtt líf. Þar verður hann hluti af skrautlegum hópi manna sem allir eru að reyna að finna sér sinn stað í lífinu. Á málfundi úti í bæ verður hann skotinn í kennara sínum, Mercedes Tainot, sem er löngu orðin jafnleið á kennslunni eins og hún er á eiginmanni sínum. Einfaldi og góði gæinn sem heldur að líf sitt sé staðnað lærir nú óvænta lexíu: Þegar þú heldur að þú sért búinn að missa af öllu í lífinu, þá gæti verið að þú finnr nýja ástæðu til að lifa til fulls.

Conan The Barbarian

Leikstjóri: Marcus Nispel.
Aðalhlutverk: Jason Momoa, Ron Perlman og Rose McGowan.
Lengd: 112 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Háskólabíó og Laugarásbíó.

Eftir að faðir hans er myrtur og þorp hans lagt í eyði sökkvir Conan sér í óvæginn heim þjófa, sjóræningja og ribbalda, þar sem eina leiðin til að lifa af er að gerast þjófur, sjóræningi og stríðsmaskína sjálfur. Á vegferð sinni um undirheimana hittir hann fyrir tilviljun á stríðsherrann Khalar Zym, sem ber sök á dauða föður hans og öforum Conans sjálfs. Til að ná til hans þarf Conan að berjast við skrímsli, hermenn Zyms og Marique, volduga norm sem hann hefur á sínum snærum.

I Am Slave

Leikstjóri: Gabriel Range.
Aðalhlutverk: Wunmi Mosaku, Isaach De Bankolé og Lubna Azabal.
Lengd: 82 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 14 ára.
Kvikmyndahús: Bíó Paradís.

Malia kemur úr stoltri súðanskri fjölskyldu. Faðir hennar, Bah, er ættbálkahöfðingi og valdamikill maður í samfélagi þeirra. Það skiptir hins vegar engu máli þegar Malia er tekin til fanga, ásamt fjölda annarra kvenna, í árás íslamskra stríðsmanna á þorpið hennar. Malia er flutt til Khartoum, höfuðborgar Súðans og þaðan seld til arabískrar fjölskyldu. Laila, „eigandi“ Malíu, beitir hana andlegu og líkamlegu ofbeldi í tilraun sinni til að brjóta hana niður og gera að hlýðnum þjóni.

Bieber efnaðasti unglíngurinn

Aðdáendur ungstirnins Justin Bieber eiga heiður skilinn fyrir að kaupa ógrynni af plötum söngvarans, smellum, mynddiskum og öllum vörum tengdum Bieber því nú hefur komið í ljós að hann er auðugasti unglíngur Hollywood. Tímaritið People gaf nýverið út lista með ungum stjörnum í Hollywood og trónir Bieber þar á toppinum sem auðugasti unglíngurinn. Fram að þessu hefur hann rakað inn milljónum dollara, nánar tiltekið 53 milljónum dollara sem jafngilda um 6 milljörðum íslenskra króna. Afrekið verður að teljast ótrúlegt miðað við ungán aldur söngvarans sem virðist hvergi nær hættur að moka inn milljónunum.

Julia Roberts og Tom Hanks léku einnig saman í kvikmyndinni Charlie Wilson's War (2007).

Popp-korn

Vandræðastjarnan og tiskuskvísan Taylor Momsen hefur hrpað hratt niður á við eftir að hún hætti í Gossip Girl-þáttunum og hóf feril sinn sem uppreisnargjörn roksöngkona hljómsveitarinnar The Pretty Reckless. Nú hefur skvísan gefið út yfirlýsingu þess efnis að hún sé hætt að leika fyrir fullt og allt. Árið hefur verið henni erfið en hún missti bæði samning sinn við HBO um að leika í Gossip Girl og fatalínu Madonnu og dótturinnar Lourdes, Material Girl.



Það er mikið að gera hjá leikkonunni Jessica Alba um þessar mundir en hún átti sitt annað barn um helgina og í vikunni verður kvikmyndin Sky Kids 4 frumsýnd. Þar fer Alba með stórt hlutverk sem njónsari sem er hættur í bransanum en fléttast inn í æsispennandi atburðarás, auðvitað með tvö stjúpborn sér við hlið sem eru þá hin alræmdu njónsabörn.



Danshöfundurinn Shane Sparks sem sumir gætu kannast við úr þáttunum So You Think You Can Dance er á leið í fangelsi í 270 daga fyrir að sofa hjá stúlku undir lögaldri. Sparks hefur áður verið sakaður um slíkt brot en talið er að hann hafi ítrekað átt samneyti við stúlku undir lögaldri á árunum 1994 til 1997 en ákæra í því máli var felld niður er nýi dómurinn yfir honum féll. Þykir því ljóst að Sparks verður ekki dómari né danshöfundur í fleiri seríum af dansþáttunum vinsælu þrátt fyrir geysimiklar vinsældir sínar í því hlutverki.



Stórstjörnumar Will Ferrell, Queen Latifah og tónlistarmaðurinn Taio Cruz ætla að taka þátt í Opna bandaríska meistaramótinu í tennis sem haldið verður í New York í byrjun september. Ferrell hyggst taka þátt í tvíliðaleik með þeim John McEnroe og Jim Courier þann 8. september en Latifah og Cruz ætla bæði að syngja á mótinu, hin fyrrnefnda þegar fórnarlamba árásanna á tvíburaturnana verður minnst þann 11. september við háttíðlega athöfn.



Stærsta diskókúla í heimi



Í miðborg Reykjavíkur virðast skemmtistaðir fara á hausinn á mánaðarfresti. Það er gömul saga og ný en blessunarlega fyrir iðkendur skemmtanalífsins þá eru skörd staðanna yfirleitt fyllt mjög fljótlega. Það liggur í augum uppi að það að reka öldurhús niðri í bæ er mikið hark svo það eiginlega er með ólíkindum að sífellt skuli spretta fram nýir staðir. Annað hvort hlýtur það að byggjast á hugrekki í athafnamönnum sem ráðast í að opna skemmtistað eða einhvers konar fíflidirska þar sem hver og einn þeirra trúir því að hann búi yfir einhverri betri aðferð til staðarreksturs heldur en næsti maður á undan. Þó gæti það alveg eins verið sitt lítið af hvoru.

Að svo sögðu er ég með viðskipta-hugmynd fyrir einhvern djarfán þarna úti. Fyrir skemmstu var auglýst að eitt mesta og fallegasta stórhýsi borgarinnar væri til sölu. Ég er að sjálfsgöngu að tala um glerkastalann á tindri Óskjuhlíðarinnar, ég á við Perluna í öllu hennar veldi.



Í Perlunni væri hægt að búa til magnaðasta skemmtistað landsins, það er óumdeilanlegt. Þar er hátt til lofts, það er á nokkrum hæðum og inni í því er gosbrunnur – með öðrum orðum býr það yfir öllu sem gott partíhús þarf að prýða. Á einni hæðinni væri hægt að hafa tónleikavettvang og önnur hæð yrði heimavöllur plötusnúðs með trylltri dansstemningu. Hversu gott væri það þegar plötusnúðurinn er í banastuði að spila einhverjar dansbombur að í hvert sinn sem lag nærði hápunkti, þá myndi gosbrunnurinn gjósa af fullum krafti við brjáláðan fögnuð viðstaddra? Á efstu hæðinni væri ef til vill hægt að hafa fágáð dansgölf þar sem rómantíkin fengi að blómstra. Fólk gæti vangað og boðið upp í drykk á snúningsgólfinu fræga með besta útsýnið í bænum.

Að lokum skemmir ekki fyrir að þarna eru að finna einhverjar stærstu og flottustu svalir sem fyrirfinnast, þær myndu aldeilis nýtast á fögru sumarkvöldi.

Staðurinn myndi verða heitasti skrallvettvangur bæjarins á augabragði, það er einfaldlega ritað í stjörnumar því húsið lítur út eins og risastór diskókúla. Þá fyrst væri hægt að tala um stærsta skemmtistað í heimi. Ef til vill má deila á það að staðurinn er ekki staddur í miðborginni en allir hinir kostirnir og möguleikarnir sem hann býður upp á hljóta að veða upp á móti og gott betur. Þar að auki má alltaf finna lausn á því, til dæmis gætu verið ungir og hraustir krakkar í vinnu við það að ferja fólk upp og niður Óskjuhlíðina frá Lækjartorgi á reiðhjólum með vagni aftan í eins og maður sér í stórborgunum, eða bara skipulagðar rútuferðir fram og til baka eftir endilangri nóttunni. Ég fel útfærsluna á því í hendur ofurhugans sem kылir á þessa viðskiptaáætlun, ekki get ég séð um allar hliðar perluveiðinnar fyrir viðkomandi.

ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is



KVIKMYND



Algjört flopp

Kvikmyndin *Cowboys and Aliens* fjallar um einfarann Jake Lonergan sem vaknar úti í eyðimörk með dularfullt armband um úlnliðinn. Lonergan veit ekkert hver hann er en eftir að hann heimsækir næsta bæ og spjallar við innfædda færirst heldur betur fjör í leikinn. Myndin byrjar skemmtilega og lofar góðu. Það er flott stemning yfir myndinni í byrjun en því miður fjaræði undan þessu öllu saman allt of fljótt. Daniel Craig var hins vegar mjög svalur í sínu hlutverki og vona ég að hann leiki í alvöru vestra innan tíðar. Harrison Ford var bara Harrison Ford í myndinni. Maður hefur séð hann leika þessa típu milljón sinnum. Ofurgellan Olivia Wilde leikur Ellu Swenson og ég hef sjaldan séð jafn illa skrifaða persónu. Hún átti í einhverju sambandi við geimverurnar en það samband er aldrei útskýrt sem gerði það að verkum að manni er alveg sama um hana. Þetta er í raun aðal-

vandamálið við myndina. Handritið er svo ótrúlega lélegt og tætingslegt að meira að segja Daniel Craig og Harrison Ford gátu ekki reiddað þessu.

Frábær tónlist

Ég skil hreinlega ekki hvað menn eins og Steven Spielberg, Ron Howard og Brian Grazer voru að hugsa þegar þeir ákváðu að setja nafnið sitt við þetta drasl. Spielberg hefur reyndar sýnt það síðustu ár að honum er alveg sama um efnið, bara að hann fái smá pengis í kassann. Það er eins og mennirnir á bakvið þessa mynd hafi ekki hugsað þessa hugmynd alveg til enda. Algjört lykilatriði fyrir góða kvikmynd er góð saga með góðu handriti. Það er svo sannarlega ekki til staðar hér. Eina jákvæða við myndina var Daniel Craig og tónlistin. Tónlistin var mjög góð og passaði vel við annars sorglega lélega mynd sem olli miklum vonbrigðum.



Tómas Leifsson

ENNEM / ISIA / NM47676

Meira Ísland

Hafnarþróður

Meira Ísland með Símanum á stærsta 3G neti landsins

M-ið er ómissandi ferðafélagi

Skannaðu kóðann eða sendu sms-ið M í 1900 og fáðu M-ið beint í símann þinn

Síminn

siminn.is

Greitt er samkvæmt gjaldskrá. Nánar á Siminn.is

ERT ÞÚ

AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!



SVEITABALL
Njálshúð
Föstudagur kl. 23

Musteri sveitaballanna endurvakið

„Njálshúð var musteris sveitaballanna til margra ára en hefur dalað eins og sveitaböllin,“ segir Addi Fannar, gítarleikari Skítamóral, en sveitin spilar einmitt á heljarinnar sveitaballi í Njálshúð um helgina. „Nú er haldið eitt sveitaball á hverju sumri og það er þá auðvitað ballið sem allir mæta á,“ útskýrir hann spennur fyrir ballinu enda sjálfur reynslubolti í geiranum. „Ég mætti alltaf í Njálshúð þegar ég var yngri og sveitaböllin voru haldin aðra hverja helgi á sumrin,“ segir Addi og lofar rosa stuði í Njálshúð um helgina. Þeir sem hafa áhuga geta nýtt sér sætaferðir á ballið en rúta fer frá Selfossi fyrir ballið og pikkar upp fólk á Hellu og Hvolsvöllum. „Svo er öllum skutlað heim um nóttina,“ segir Addi en ballið byrjar kl. 23 um kvöldið og stendur fram til þrjú um nóttina. DJ Atli sér um að hita upp og koma fólk í girnin en svo tekur Skítamóral við og lofar Addi tryllingslegri stemningu í Njálshúð. „Við gerum það sem við gerum best.“

fílófaxið

fimmtudagur 18 ágúst föstudagur 19 ágúst



LÁRA RÚNARS OG MUGISON
Café Rósenberg
21:00 Lára flytur nýtt og gamalt efni í bland en hún vinnur þessa dagana að fjórðu breiðskífu sinni. Mugison hitar upp og miðaverð er 1.500 krónur.

NEI TÓNLEIKAR
Faktorý
21:30 Á þessum tónleikum gegn kynferðisofbeldi koma fram Lay Low, Of Monsters And Men, Lockerbie, Uppistandsstelpur og á milli atriða svokallaðar kanilsnældur. Frítt er inn á tónleikana en frjáls framlög eru einnig begin.



ÓTENGDUR VALDIMAR
Hvíta perlan
22:00 Tónleikaröðin gogoyoko Wireless heldur áfram með ótengdum hljómléikum hljómsveitarinnar Valdimars. Miðaverð er 1.500 krónur og fer miðasala fram á Midi.is.

STEVE VAI TRIBUTE-TÓNLEIKAR
Sódóma
22:00 Einvalið tónlistarmanna flytur lög eftir bandaríska gítarhöfðingi Steve Vai. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

GÓÐGERÐARTÓNLEIKAR
Sódóma
21:00 Hjálpar samtökin Veraldarvinir standa fyrir tónleikum til styrktar börnum á Tierra Bomba svæðinu. Fram koma meðal annars Hafni Haff, El Camino og The Vintage Caravan. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



PÉTUR BEN
Bar 11
23:00 Sumartónleikaröð Tuborg og Bar 11 heldur áfram. Í þetta skiptið treður Pétur Ben upp og tryllir lýðinn. Frítt er inn á tónleikana.

KVEDJUTÓNLEIKAR RÖKKURRÓAR
Faktorý
23:00 Hljómsveitin Rökkurró kveður í bili og fær til liðs við sig sveitirnar Agent Fresco, Útíður og Úlfur Úlfur til að kveðja með stæl. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



SVEITABALL
Sódóma
23:30 Stuðboltarnir í hljómsveitinni í svörtum fötum leika á trylltu sveitaballi og ætla drengirnir sér að ná upp eka íslenskrar sveitaballastemningu. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

Justin Bieber notar Proactiv® Solution Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek eru þar sem Proactiv® Solution er seldur:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFIJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAEVER Suðurlandsbraut 22
APÓTEK GARÐABÆJAR // Litlatúni 3

Heilsuþúdin.is - bætt útlit, betri líðan

LOKAPRÓFIÐ

18. ágúst 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Baldur Sigurðsson Þegar ég er ekki í fótbolta þá finnst mér ljúft að

Þú veist hver ég er af því að þú elskar KR eða elskar að hafa KR.

Eftir að ég varð bikarmeistari með KR á dögnum þá

a) fór ég heim til mín og grét
b) setti ég heimsmet í að faðma alla konar fólk sem ég þekki ekki neitt
c) varð ég ástfanginn af bikar í fyrsta skipti á ævinni
d) söng ég „Lífíð er yndislegt“ stanslaust í þrjú klukkutíma
e) fagnaði ég vel og innilega langt fram á nótt með glöðum KR-ingum af því að studningsmenn KR eru flottastir

Uppáhaldsþjálfarinn minn um ævina er

a) Logi Ólafsson.
b) Rúnar Kristinsson.
c) Kristján Guðmundsson.
d) Ólafur Jóhannesson.
e) Jónas Hallgrím Legend

Þegar ég kom KR í 2-0 og gulltryggði sigurinn hugsaði ég:

a) „Nú verð ég aðalmaðurinn.“
b) „Ég er allveg með þetta.“
c) „Nú hlýt ég að komast í Lokaprófið í Monitor.“
d) „Sem betur fer skaut ég ekki í slána.“
e) Eg ætíð að hugsa hvíti miknið því ég hljóp svo langt í fagninu.

Sætasta knattspyrnumakan er án vafa

a) Sara Björk Gunnarsdóttir, Malmö.
b) Pála Marie Einarsdóttir, Val.
c) Rákel Hönnudóttir, Þór/KA.
d) Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Stjörnunni.

Það besta við fótboltann

a) er að fara í sturtu með félögum
b) eru allar skvísurnar sem eru utan í mér
c) er lyktin af nýslegnu grasinu
d) eru allir sigurleikirnir
e) Að fara allber í pottinn vegna þess að með félögum

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Baldur #19 #8

Uppáhaldsmyndin mín er

a) taka því rólega og horfa á Friends.
b) gera magagæfingar og horfa á Kastljós.
c) fara í golf með góðu fólki.
d) dekra við kærustuna.
e) sljóta aðeins á byssu.

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Leonardo DiCaprio til að leika mig en líklega yrði það samt Brad Pitt

Uppáhaldsísinn minn er

a) Lúxus-ís með karamellu.
b) Snickers-ís.
c) Emmess hnetutoppur.
d) jórgúrtis.
Hann er einfaldlega toppurinn!!

Það sem fáir vita um mig er að ég get horðað hradur og mein en venjulest telst... Hefileik???

Ef ég væri ekki Baldur Sigurðsson myndi ég vilja vera

a) Baldur Bett, knattspyrnumaður
b) Baldur, ferjan sem siglir út í Flatey
c) Baldur Kristjáns, ljósmyndari
d) Baldur hvíti úr Benjamín dúfu
e) Baldur, sonur Óðins af því að hann er Guð

Ég tek 115 kg í bekk og 150+ kg í hnébeygju.

Síðasta sms sem ég fékk var frá Pála Marie og í því stóð :-*

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Alex Ferguson...

You're my man!!! and if you need a another red haired midfielder player just call me in number

Síðast en ekki síst

» Hrafnhildur Lúthersdóttir, sundkona, fílar:

Kvikmynd Lion King er klárlega besta mynd allra tíma. Fyrsta myndin sem ég sá í bíó og nær mér ennþá í hvert skipti sem ég horfi á hana!

Plata Kærastinn minn keypti Dikta-diskinn Get It Together fyrir svolitlu síðan og ég hef hlustað á hann fram og til baka og gjörsamlega dýrka hann.

Þáttur Friends er alltaf klassískur þáttur, hann eldist svo vel að maður getur horft á hann aftur og aftur og ennþá hlegið jafn dátt. Svo eru Modern Family-þættirnir mjög fyndnir og þeir eru upphaldsþættirnir mínir í dag.

Vefsíða Þeir sem vita ekki hvaða síða Stumbleupon.com er ættu að skoða hana. Maður getur gleymt sér tímum sam- an við að skoða allt mögulegt á henni.

Bók Þegar ég var yngri beið ég alltaf eftir þeim degi þegar mamma kæmi heim frá útlöndum með nýjustu Harry Potter-bókina handa mér og ekki var hægt að ná sambandi við mig næstu daga eftir að ég fékk hana.

Staður Rúmið mitt er besti staðurinn. Þegar maður er að æfa tvisvar á dag í 2-3 klukkutíma í senn, í skólanum og á flakki allan daginn, dauðþreyttur og úrvinda getur maður ekki annað en elskað rúmið sitt.



BOLTI
21:00



Tónleikar
laug. 6/11



6
MÁNADA
VAXTALAUST
LÁN



Öflug vél í skólann með
nýjasta Intel örgjörvanum!
Beats by Dr. Dre hljóðkerfi.
Talnaborð fyrir alla Excel
vinnsluna.

HP Pavilion dv6

169.900 kr.

QC766EA

Örgjörvi: Intel Core i5

Harður diskur: 640 GB

Vinnsluminni: 6 GB

Skjár: 15,6" LED BrightView

Útlit: Burstud álumgjörð.



VERTU KLÁR

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.



Stofa 203



halló!



HP Compaq CQ62
69.900 kr.

WY950EA

Örgjörvi: Intel Celeron 900
Harður diskur: 250 GB
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,6" LED BrightView
Útlit: PVC áferð.

HP Compaq CQ57
89.900 kr.

LU006EA

Örgjörvi: E350 Brazos Dual
Harður diskur: 320 GB
Vinnsluminni: 4 GB
Skjár: 15,6" HD LED BrightView
Útlit: PVC áferð.

TASKA
FYLGR

HP Probook 4320s
119.900 kr.

XN862EA

Örgjörvi: Intel Core i3
Harður diskur: 320 GB
Vinnsluminni: 3 GB
Skjár: 13,3" LED BrightView
Útlit: Burstud álumgjörð.



YEAP!

HP Probook 4520s
119.900 kr.

XX784EA

Örgjörvi: Intel Core i3
Harður diskur: 320 GB
Vinnsluminni: 3 GB
Skjár: 15,6" LED BrightView
Útlit: Burstud álumgjörð.

HP Pavilion g6
139.900 kr.

LZ155EA

Örgjörvi: Intel Core i3
Harður diskur: 640 GB
Vinnsluminni: 4 GB
Skjár: 15,6" LED BrightView
Útlit: IMR áferð.

HP Pavilion dv6 i7
219.900 kr.

QA954EA

Örgjörvi: Intel Core i7
Harður diskur: 750GB
Vinnsluminni: 8 GB
Skjár: 15,6" HD LED BrightView
Útlit: Burstud álumgjörð.

hp - MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

muna!

Office
Starter 2010

Office Starter 2010 fylgir
HP Probook og HP Pavilion tölvum.

FILMA.IS

2.000 kr. inngangur á **filma.is**
fylgir hverri tölvu!

start | RS | omni:s | et | MYND SMÍÐJAN

OPNUNARTÍMI: mánud. - föstud. kl. 09 - 18 og laugard. kl. 11 - 15.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

PHOTOGRAPH BY JÓHANNA

Rétta leiðin fyrir þig



Stærsta og hraðasta 3G dreifikerfi landsins

Vinir óháð kerfi, bæði í Frelsi og áskrift

Risa mínútupakki fyrir stórnotendur

Þú færð meira hjá Símanum!

Eitt mínútuverð, frábær kjör!

Magnaðir miðvikudagar fyrir viðskiptavinum Símans

0 kr. innan fjölskyldu og í heimasímann

Vertu með vinina á 0 kr.

Yfirsýn yfir alla þjónustu á þjónustuvefnum

<p>Ódýrari mínútur</p>	<p>3 vinir óháð kerfi</p>	<p>6 vinir óháð kerfi</p>	<p>1000 mínútur</p>	<p>Ring</p>
<p>Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vni hjá Símanum*</p>	<p>Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hlina</p>	<p>Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*</p>	<p>Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*</p>	<p>Fyrirframgreidd þjónusta - fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir</p>
<p>Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands</p>	<p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p>	<p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p>	<p>Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið</p>	<p>0 kr. innan Ring 990 kr. mánaðargjald eða</p>
<p>590 kr. mánaðargjald</p>	<p>1.390 kr. mánaðargjald</p>	<p>2.190 kr. mánaðargjald - Veldu áskrift eða Frelsi</p>	<p>7.990 kr. mánaðargjald</p>	<p>0 kr. innan kerfis Símans 1.990 kr. mánaðargjald*</p>
<p>* 1.000 mín./ 500 SMS á mán.</p>	<p>* 600 mín./ 300 SMS á mán, 300 MB á mán. fylgir til áramóta.</p>	<p>* Áskrift 1.000 mín./500 SMS á mán. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.</p>	<p>* 1.000 mín./ 500 SMS á mán.</p>	<p>* 1.000 mín./ SMS á mán.</p>



Greidd eru mánaðargjöld og upphafsgjöld skv. verðskrá. Ekki eru greidd upphafsgjöld af simtölum í vinarúmer. Nánar á siminn.is